



- [Forsíða \(/\)](#)
- [Heilsa \(http://midjan.is/heilsa/\)](http://midjan.is/heilsa/)
- [Fólk \(http://midjan.is/folk/\)](http://midjan.is/folk/)
- [Tíska \(http://midjan.is/tiska/\)](http://midjan.is/tiska/)
- [Tónlist & bíó \(http://midjan.is/tonlist-bio/\)](http://midjan.is/tonlist-bio/)
- [Bækur & leikhús \(http://midjan.is/baekur-leikhus/\)](http://midjan.is/baekur-leikhus/)
- [Tækni & vísindi \(http://midjan.is/taekni-visindi/\)](http://midjan.is/taekni-visindi/)
- [Börn \(http://midjan.is/born/\)](http://midjan.is/born/)
- [Matur \(http://midjan.is/matur/\)](http://midjan.is/matur/)
- [Heimagerter \(http://midjan.is/heimagert/\)](http://midjan.is/heimagert/)

[Viltu skrifa á Miðjuna? \(/wp-signup.php\)](#)

Gervigreind og hermun í Vitvélastofnun Íslands

[Ritstjórn \(http://midjan.is/author/admin/\)](http://midjan.is/author/admin/) 24/02/2010



(<http://midjan.is/files/2010/02/kristinntilb.jpg>) **Vitvélastofnun**


Íslands (<http://iiim.is/>) er nýstofnað rannsóknsetur með áherslu á gervigreind og hermun. Að baki stofnuninni standa nokkur íslensk fyrirtæki, ásamt Tölvunarfræðideild og Gervigreindarseturs Háskólans í Reykjavík. Markmið stofnunarinnar er að brúa bilið milli háskólasamfélagsins og atvinnuvegarins, en þetta fyrirkomulag er nýtt í rannsóknum hér á landi þótt það þekkist víða erlendis. Rannís hefur ákveðið að styrkja framtakið til næstu 7 ára.

Kristinn R. Þórisson, dósent í Háskólanum í Reykjavík, er forstöðumaður stofnunarinnar. „Vitvélastofnun einblínir fyrst og fremst á tvær tækni- og vísindagreinar, gervigreind og hermun,“ segir Kristinn. „Þessar greinar eru almennt mjög nýtanlegar í alls

kyns vörubrúun en við skoðum jafnframt akademískar hliðar þessara greina og beitum nýjustu aðferðafræði í rannsóknum okkar eins og þær gerast bestar í vísindum í dag. Gervigreind er til að mynda nálgun vísindanna að herma eftir því fyrirbæri sem við almennt köllum „greind“ þar sem það ber fyrir í náttúrunni. Greind er mjög flókið fyrirbæri og hefur reynst vísindum illskiljanlegt hingað til, en tölvunarfræðin hefur komið þar sterk inn síðustu áratugina. Skilningi manna á þessu fyrirbæri hefur fleygt fram, og jafnframt hafa möguleikar á nýtingu tækninnar aukist verulega, og eru enn að aukast.“ Sum flóknustu rannsóknarsvið, til dæmis líffræði og eðlisfræði, reiða sig á framfarir í hermun og hermilkönnum. „Við teljum verulega möguleika á að nýta gervigreindina í hermun – og hermun í gervigreind. Með því að sinna þessum tveimur sviðum og tvínni þær saman skapast verulegir möguleikar fyrir framþróun fjölda fyrirtækja og háskólarannsókna,“ segir hann.

Kristinn tekur dæmi um fyrirtæki sem reiða sig á þróun og rannsóknir á þessum sviðum. „Það má vel taka dæmi um íslensk fyrirtæki sem reiða sig á svona tækni. Tölvuleikjaframleiðandinn CCP notar til dæmis mjög þróaðar aðferðir í sýndarveruleikanum í EVE Online. Þetta er stærsti sýndarheimur í veröldinni, með eigin eðlisfræði og hagkerfi – sem að miklu leyti byggir á hermun.“ Kristinn bendir líka á stoðtækjaframleiðendurna í Össuri. „Þær vorur sem hafa fengið hvað mesta athygli frá þeim, gervihnéd og gerviökklinn, eru að hluta þróuð með gervigreindarhugbúnaði. Gervigreind og hermun eru dálítið eins og stærðfræði, þau nýtast á öllum sviðum.“

Kristinn segir að með samstarfi Vitvélastofnunnar og vinnumarkaðsins skapist tækifæri, ekki eingöngu á sviði vísindarannsókna og menntunar, heldur einnig til nýsköpunar og atvinnuþróunar. „Við störfum að fyrirmynd svipaðra stofnanna erlendis, til dæmis MIT Media Lab í Bandaríkjunum, ISI í Kaliforníu og DFKI í Þýskalandi,” segir hann. Þá má reikna með að stofnunin verði atvinnuskapandi. „Stækkunarmöguleikar Vitvélastofnunar á næstu árum og áratugum eru miklir; DFKI var t.d. í fyrstu 5 til 6 manns en telur núna um 400 starfskrafta – þar starfar fólk með hátæknimenntun, svo sem vísindamenn, hugbúnaðarverkfræðingar, forritarar, doktorsnemendur og sérfræðingar á fjölmörgum tengdum sviðum. Það merkilega við svona stofnun er að hún dregur til sín „hugarafi“ alls staðar að úr heiminum. Við í Vitvélastofnun ætlum okkur að stækka og stuðla að tækniþróun í gervigreind og hermun og jafnframt að brúa bilið milli rannsakenda í Evrópu og Bandaríkjunum, sem getur oft reynst erfitt að koma í kring. Þetta er mjög spennandi og bíður upp á skemmtilega möguleika,” segir Kristinn. „Við leitumst janframt eftir að starfa með sem breiðustum hópi fyrirtækja og einstaklinga, með það að markmiði að samnýta hugmyndir og hugvit og samþætta ólík sjónarhorn. Þannig fleytum við þessum sviðum áfram hraðar en ella og verðum bæði íslensku atvinnu- og háskólalífi til góða,” segir Kristinn að lokum.



(<http://midjan.is/files/2010/02/skyr.png>)

Vitvélastofnun Íslands mun ráða fjölda vísindamanna og hugbúnaðarsérfræðinga til starfa á næstu árum og áratugum við þróun gervigreindar og hermunar; samstarf stofnunarinnar við háskóla, atvinnuveg, og hópa sem vinna að opnum hugbúnaði, mun verða til þess að auka flæði hugmynda, fólks, tækninýjunga og uppfinninga og auka þannig verulega bæði grunn- og hagnýtar rannsóknir á þessum mikilvægu hátæknisviðum hér á landi.

Flokkað í **Tækni & vísindi** (<http://midjan.is/taekni-visindi/>)

Skrifa athugasemd

<input type="text"/>	Nafn
<input type="text"/>	Netfang
<input type="text"/>	Heimasíða